

Samráð við gerð tilboða

Hvernig upprætum við ólögmaett
samráð í opinberum útboðum?


Eva Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SKE
18. febrúar 2026

Af hverju samkeppni?

- **Samkeppni knýr markaðshagkerfið áfram og er drifkraftur framfara**
- **Samkeppni stuðlar að:**
 - Lægra verði
 - Auknum gæðum og betri þjónustu
 - Nýsköpun
 - Betur reknum og hagkvæmari fyrirtækjum
 - Þróttmiklu atvinnulífi og aukinni framleiðni

Af hverju samkeppnislög?


- Fyrirtæki hafa hvata og getu til að raska samkeppni
 - Samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklu efnahagslegu tjóni
 - Rannsóknir sýna að í 93% tilvika leiðir samráð til hærra verðs en ella
 - Tilgangur samkeppnislaga er að hindra samkeppnishamlandi hegðun og stuðla að því að samkeppni tryggi ábata samfélagsins
- **Samkeppnislög nr. 44/2005**
- Túlkuð til samræmis við EES/ESB samkeppnisrétt



Meginstoðir efnisreglna samkeppnislaga



Bann við ólögsmætu
samráði



Bann við misnotkun á
markaðsráðandi stöðu



Samrunaeftirlit



Opinberar
samkeppnishömlur

Gildissvið samkeppnislaga

- **Atvinnustarfsemi**

- “Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi”

- **Fyrirtæki**

- „Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.”

- **Samningar og háttsemi sem hafa áhrif hér á landi**



Bann við samkeppnishamlandi samráði

10. gr. samkeppnislaga

Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Hvað er samráð?

- **Samningur og samstilltar aðgerðir**

- Sameiginleg áætlun sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun
- Fyrirtæki vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að keppa
- Aðgerðir sem draga úr óvissu
- Rúmt hugtak
- Form skiptir ekki máli
- Þarf ekki að hafa komið til framkvæmda
- Verða að hafa verið bein eða óbein samskipti

- **Sönnunarsjónarmið í samráðsmálum**

- Samhliða aðgerðir án samráðs lögmætar
- Mátt bregðast við samkeppni
- SKE þarf að sanna að fyrirtæki hafi tekið þátt í samráði
- Ekki jafn strangar kröfur í refsimálum
- Heildstætt mat
- Heimilt að draga ályktanir
- Samningar, tölvupóstar og önnur samskipti, vinnugögn, minnisblöð, fundargerðir

Samráð í opinberum útboðum

Samráð við gerð tilboða - Tilboðssvik

- **Margvíslegar aðgerðir falla hér undir**

- Gervitilboð
 - Samkomulag um hver fær viðskiptin
 - Samkomulag um að skiptast á að vinna tilboð
 - Hin fyrirtækin skila inn háum tilboðum, gölluðum tilboðum eða draga tilboð tilbaka
- Samkomulag um að bjóða ekki
- Samkomulag um að bjóða sömu verð

- **Getur verið þáttur í markaðsskiptingu**

- Fyrirtæki skipta fyrirfram með sér mörkuðum eftir svæðum, vöruflokkum eða viðskiptavinum

- **Hvatar til samráðs í tilboðum**

- Hærra verð
- Minni vinna við gerð tilboða
- Halda í eigin viðskiptavinum eða sérstök svæði


- **Alvarlegt brot sem hefur að markmiði að raska samkeppni**

- Hærra verð – minni gæði
- Dregur úr trausti – Són opinberra fjármuna

Skýrsla SKE nr. 7/2024



Um þriðjungur skynjar samráð á mörkuðum sem fyrirtækið starfar á

- Um þriðjungur svarenda skynjar samráð á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á að nokkru, frekar miklu eða mjög miklu leyti
- Nánast óbreytt milli ára
- Flestir skynja samráð í atvinnugreinunum flutningur og geymsla; landbúnaði, og framleiðslu
- Helst er um verðsamráð og markaðsskiptingu að ræða



Spurning 13: Að hversu miklu eða litlu leyti skynjar þú að til staðar sé samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir á milli aðila á þeim markaði eða mörkuðum sem fyrirtæki þitt starfar á? Meðfylgjandi spurningunni var eftirfarandi skýringartexti: Samkeppnishamlandi aðgerðir geta m.a. falið í sér samráð milli fyrirtækja um verð, verðlag, álagningu, afslætti eða önnur viðskiptakjör, takmörkun á framleiðslu, tilboðsgerð þegar verkefni, vörukaup eða framboð á þjónustu hefur verið boðið út, skiptingu á mörkuðum eftir t.a.m. viðskiptavinum eða landsvæðum, og bindandi endursöluverð á vöru eða þjónustu.

Spurning 14: Í hverju telur þú að samráðið felist helst? Merktu við allt sem við á.



Hvernig getum við greint mögulegt samráð?

- **Sem opinberir kaupendur:**

- Þið eruð fyrsta varnarlínan
- Þið getið séð mynstur
- Þið getið greint rauð flögg áður en eftirlitsaðilar koma að máli

- **Hvað eru rauð flögg??** 🚩



- ✓ Álit SKE nr. 4/2009 (Gátlisti)
- ✓ OECD Bid Rigging Detection Checklist

Endurtekin eða sérkennileg mynstur

Óeðlileg verð

Landfræðileg skipting

**Óvenjuleg undirverktaka eða
sameiginleg tilboð eða rekstur**

Tilboð greinilega til málamynda

**Vísbendingar í gögnum, t.d. sama
stafsetningarvilla í tilboðum**

Ef þið sjáið rauð flögg...

- Skráið athugasemdir / athuganir
- Haldið öllum gögnum til haga
- Huga að rannsóknarhagsmunum – Er hægt að forðast að láta fyrirtæki vita af grun?
- Hafið samband við Samkeppniseftirlitið



Hvernig á að tilkynna grun um brot?

Hafa samband við SKE

Netfang:

samkeppni@samkeppni.is

Sími: 585-0700

Sérstakir tengiliðir:

magnus.th.kristjansson@samkeppni.is

brynjolfur.sigurdsson@samkeppni.is

Senda ábendingu

Hægt er að senda SKE ábendingar um möguleg samkeppnislagabrot í gegnum vefsíðu Samkeppniseftirlitsins, hvort sem er nafnlaust eða undir nafni.

SKE fer yfir allar ábendingar og kannar hvort ástæða sé til afskipta.

Slíkar ábendingar geta orðið grundvöllur að því að SKE taki mál til rannsóknar að eigin frumkvæði.

Formleg kvörtun

Hægt er að beina formlegum kvörtunum til SKE.

Þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eiga aðild að málum sem SKE tekur til rannsóknar.

Sérstakar kröfur gerðar til erinda sem beint er til SKE.

SKE tekur ákvörðun um hvort það gefi nægt tilefni til þess að hefja rannsókn og málsmeðferð.

Leniency / Sáttaleið

Reglur sem gera fyrirtækjum sem þátt taka í ólögsmætu samstarfi kleift að draga sig út úr samstarfinu.

Með því að koma upp um samstarfið og vinna með SKE geta fyrirtækin komist hjá sektum eða sektir orðið mun lægri en ella.

SKE getur einnig ákveðið að kæra einstakling ekki til lögreglu sem hefur frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna samráðsbroti

Málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu

- **Upphaf máls**

- Mat á tilefni:
 - Alvarleiki – Sönnun - Almannahagsmunir – Þýðing rannsóknar – o.fl.
- Mál tekið til meðferðar að eigin frumkvæði SKE eða grundvelli erindis
- Samspil samkeppnisréttar og innkaupa – Rannsókn SKE stöðvar ekki innkaupaferlið

- **Gagnaöflunarheimildir**

- Víðtæk heimild til að afla gagna og upplýsinga – 19. gr. samkeppnislaga
 - Frá fyrirtækjum og stjórnvöldum
 - Dagsektir – stjórnvaldssektir - Refsiákvæði
- Húsleitir – 20. gr. samkeppnislaga
 - Samráðsbrot iðulega framin með leynd / Tilhneiging til að leynd gögnum

- **Samstarf við lögreglu**

- Einstaklingar geta borið refsíabyrgð vegna alvarlegra samráðsbrota
- Brot einstaklinga sæta einungis opinberri rannsókn að undangenginni kæru SKE til lögreglu.
- SKE og lögreglu heimilt að vinna saman, afhenda og móttaka gögn og taka þátt í aðgerðum.

Viðurlög o.fl.



- Stjórnvaldssektir (10% af veltu)
- Refsiabyrgð einstaklinga (Hámark 6 ár)
- Skaðabætur til tjónpola
- Annað?
 - Útilokun frá opinberum útboðum
 - Orðsporsáhætta

Dæmi úr innlendri framkvæmd

- **Olíusamráð**

- Náið samstarf í útboðum stóriðjuvera og opinberra aðila
- Samkomulag um að ræðast við um öll útboð á árunum 1996-2001
- Félagið sem fékk útboð greiddi hinum félögunum bætur – „*Umsamin þjónustugjöld*”
- Tilgangurinn að viðhalda markaðsskiptingu og „*verja framlegðina*”.

- **Samráð á byggingavörumarkaði**

- Ábendingar frá nýjum keppinaut

- **Samráð á flutningamarkaði**

- Ábendingar frá viðskiptavinum á fundum með SKE

- **Meint samráð í úrgangspjónustu**

- Til rannsóknar - Samstarf SKE og héraðssaksóknara





SAMKEPPNIS
EFTIRLITIÐ

